

Saltstengur.
Salthnetur.
Öryggi.
Eldspýtur.
Dömubindi.
Rakblöð.
Sógleraugu.
Kort.
Frímerki.
Bolluvendir.
Spil.
Greiður.
Hárlakk.
Hárkrem.
Filmur.
Stílabækur, reiknibækur, blýantar.
Vinnuvettlingar.
Rakspíritus.
Raksápa.
Sokkar.
Sokkabuxur.
Kaffi.

Nr. 138.

28. júlí 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 28. júlí 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningagjafasjóður Kvenfélags Hreyfils.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega ekkjur og börn bifreiðastjóra á Hreyfli.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00, sem gefnar eru af Rósu Sveinbjarnardóttur til minningar um eiginmann sinn Helga Einarsson.

4. gr.

Tekjur sjóðsins er hagnaður af sölu minningarkorta, svo og gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

5. gr.

Tekjur sjóðsins svo og vextir skal leggja óskert við höfuðstól, þar til hann hefur náð kr. 100 000.00. Má þá veita úr honum alla ársvexti. Þegar sjóðurinn hefur náð

kr. 200 000.00, má veita úr honum auk vaxta allar tekjur hans. Höfuðstóll sjóðsins má aldrei vera minni en kr. 200 000.00.

6. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt bókhald og fjárreiður og skal fé hans ávaxta á sérstökum bankareikningi. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Stjórn Kvenfélags Hreyfils sér um úthlutun úr sjóðnum og fer með stjórn hans. Stjórn Kvenfélagsins er heimilt að tilnefna sérstakan gjaldkera til að fara með bókhald og reikningshald sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Kvenfélags Hreyfils.

9. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. júlí 1971.

Nr. 139.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Brynleifs Tobiassonar, og er stofnaður við fráfall hans af kennurum Menntaskólans á Akureyri og vinum og samherjum hans í bindindismálum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 35 955.90. Gjafir, sem sjóðnum kunna að bætast, leggist óskertar við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer með vörzlu hans eftir sömu almennu reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans.

4. gr.

Skólaráð fer með stjórn sjóðsins og ákveður úthlutun úr honum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en árlega má veita $\frac{1}{4}$ ársvaxta til nemenda, sem skara fram úr í sagnfræði og/eða hafa unnið að bindindismálum í skólunum eða utan hans. Úthlutun fari fram í skólaárslok.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.